



Fundargerð

8. fundur Velferðarráðs Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 15. maí 2025

Fundinn sátu:

Ráðsmenn:

Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Jón Geir Ólafsson, Auður Eyþórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Sólveig Ólafsdóttir,

Embættismenn og áheyrnarfulltrúar:

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, Dóra Esther Einarsdóttir, Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, Sólrún Ósk Jónsdóttir, María Ösp Árnadóttir og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Bergur Sigfússon, formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13.00

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2502004 - Endurnýjun menntastefnu Skaftárhrepps

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, ráðgjafi hjá Skólaráðgjafajónustunni Ásgarði, hélt kynningu fyrir ráðið um gerð og innleiðingu á menntastefnum sveitarfélaga.

2. 2505016 - Öldungaráð

Sveitarstjóri kynnti drög af samþykktum fyrir Öldungaráð Skaftárhrepps. Velferðarráð samþykkir í einu hljóði, fyrirbyggjandi drög og vísar þeim til sveitarstjórnar til staðfestingar.

3. 2505009 - Mannauðsmál

Sveitarstjóri greindi frá því að Sigmar Helgason, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar hefði sagt upp störfum sínum. Bergur Sigfússon lagði fram eftirfarandi tillögu: Lagt er til að beðið verði með að auglýsa eftir nýjum forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar Skaftárhrepps og formanni Velferðarráðs og sveitarstjóra falið að ræða við nýjan skólastjóra hvort samrekstur sé æskilegur á milli skóla og Íþróttamiðstöðvar. Tillaga Bergs samþykkt í einu hljóði. Skólastjóri gerði grein fyrir starfsmannamálum í grunn- og leikskóla. Skólastjóri greindi frá því að staðan væri þokkaleg, Auglýsingar eru ný runnar út, allir kennarar sem nú eru sóttu um að halda áfram. Réttindakennurum fjölga ef ráðningar ganga eftir.



4. 2505010 - Breytingar á gildandi skóladagatali

Skólastjóri lagði fram eftirfarandi breytingar á skóladagatali 2024-2025 vegna grunnskóladeildar: Vordagur - mánudagurinn 26. maí (óbr.): Verði starfamessa Vordagur og vorhátíð þriðjudagurinn. 27. maí: Verði hjóladagur og lögregluheimsókn Skólaslit verði miðvikudaginn 28. maí 2025 Samstarfsdagur verði þriðjudaginn 20. maí Samstarfsdagur verði daganna 30. maí, 2. og 3. júní Starfsmannaferð verði 3. júní Velferðarráð samþykkir í einu hljóði fyrirbyggjandi breytingar á skóladagatali 2024-2025

5. 2505012 - Kynning á atvinnutengdu námi

Skólastjóri greindi frá verkefninu. Atvinnutengt nám var fyrir nemendur í 10. bekk. Samvinnusamningur: markmiðasettur; nemandi, fereldrar, vinnustaður, skólinn og sveitarfélagið. Tímasetningar, laun, hæfniviðmið ANG og starfsfærnimat í lok vorannar.

6. 2505015 - Niðurstöður kannanna og árangur í íþróttaverkefni

Skólastjóri gerði grein fyrir eftirfarandi niðurstaðna kannana sem framkvæmdar hafa verið: Starfsmannakönnun grunnskóla - Kirkjubæjarskóli 25. febrúar 2025. Foreldrakönnun grunnskóla - í Kirkjubæjarskóla 25. febrúar 2025. Nemendakönnun 6. – 10. bekkur í Kirkjubæjarskóla uppfærð 8. maí 2025. Niðurstöður FIT FIRST -í íþróttaverkefnisins hjá 4. – 6. Bekk.

Skólastjóri sýndi niðurstöður Skólápúlsins, á foreldra-, nemenda- og starfsmannakönnunum. Almenn t séð hafa kannanirnar komið vel út og sýna framfarir á skólastarfi og almennri líðan. Þær sýna jafnframt tækifæri til frekari umbóta.

FIT FIRST íþróttaverkefnið sýnir miklar framfarir á 10 vikna tímabili.

7. 2505011 - Skóladagatöl grunn- og leikskóladeilda 2025-2026

Skóladagatal leikskóladeildar 2025-2026.

Dóra Esther Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir leikskóladeild, skólaveturinn 2025 til 2026.

Velferðarráð vísar afgreiðslu á skóladagatali til sveitarstjórnar.

Skóladagatal grunnskóladeildar 2025-2026.

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir grunnskóladeild, skólaveturinn 2025 til 2026.

Velferðarráð vísar afgreiðslu á skóladagatali til sveitarstjórnar.

Kennslustundafjöldi og kennslutilhögun grunnskóladeildar skólaárið 2025-2026.

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri lagði fram fylgiskjal með skóladagatali. Kennt verður í þrem námshópum, áætlaður nemendafjöldi er 46.



8. **2505013 - Samstarf á milli grunnskóladeildar og Kötlu jarðvangs**

Skólastjóri greindi frá samkomulagi við Kötlu jarðvang.

Þær hugyndir sem uppi eru, eru meðal annars eftirfarandi: Unglingadeild mæli farvegsbreytingar á Skaftá með drónum/flygildi. Miðstig mæli upp nokkra Landsbrotshóla með GPS-tækjum. Yngstastig fari í vettvangsferðir svo sem að Skaftá, í skóginn, safni sýnum sem verða svo skoðuð í smásjá. Miðað er við nokkrar kennslustundir í lífvísindum á haust- og vorönn í samvinnu við náttúrufræðikennara skólans.

Með þessari samvinnu verður Kirkjubæjarskóli jarðvegsskóli/Geoskóli.

9. **2408005 - Uppskeruhátíð Skaftárhrepps**

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi lagði fram minnispunkta frá 3. mars 2025 vegna Uppskeru- og þakkarhátíðar í Skaftárhreppi sem verður haldin dagana 16. - 19. október 2025. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi greindi frá næstu skrefum í þessu máli. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

10. **2505014 - 17. júní 2025**

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi lagði fram drög af dagskrá hátíðarhalda 17. júní 2025.

Velferðarráð staðfestir fyrirbyggjandi drög af dagskrá og felur Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa að vinna málið áfram.

11. **2505008 - Ungmennaráð Skaftárhrepps**

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi lagði fram tillögu að nýju Ungmennaráði Skaftárhrepps. Auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum sem vildu sitja í Ungmennaráði. Alls sóttu sjö einstaklingar um að fá að sitja í ráðinu.

Tillagan var eftirfarandi: Aðalmenn í stafrófsröð, Ásgeir Örn Sverrisson, Ólöf Ósk Bjarnadóttir, Kristófer Gunnar Bjarkason. Varamenn í stafrófsröð, Ásgeir Marinó Harðarson, Bjarki Snær Sigurðsson, Margrét Ragnarsdóttir Blandon. Áheyrnarfulltrúi, Garðar Örn Unason. Velferðarráð samþykkir í einu hljóði framlagða tillögu og vísar henni til staðfestingar hjá sveitarstjórn.

12. **2505017 - Viðburðum sem framundan eru í íþrótt- og æskulýðsstarfi**

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi greindi frá fyrirkomulagi og helstu viðburðum sem framundan eru í íþrótt- og æskulýðsstarfi, sumarið 2025. Mikil ánægja var með kynningarbækling sem dreift var á öll heimili í Skaftárhreppi fyrir sumarið 2024, annar bæklingur með svipuðu sniði væntanlegur nú á næstu dögum.

Í kynningarbæklingnum verða upplýsingar um allt það sem verður um að vera og hvernig skráningu er háttað. Gert er ráð fyrir að boðið verði upp á fjórar greinar vikulega í sumar, strandblak, fótbolta, körfubolta og frjálsíþróttir. Trampólínnámskeið verður í byrjun júní og Moli frá KSÍ kemur í sína árlegu heimsókn á Kirkjubæjarklaustur. Hestamannafélagið Kópur verður með reiðskóla dagana 10.-12. júní og 14.-16. júlí. Mjög góð skráning er á Smábæjaleikana á Blönduósi úr röðum UMFÁS en skráðir eru til leiks 18 keppendur, mótið fer að þessu sinni fram dagana 14.-15. júní.



Hið árlega leikjanámskeið UMFÁS fer fram dagana 18.-20. júní og 30. júní til 4. júlí. Í millitíðinni verður knattspyrnuskóli AVP í Vík. Leiklistarnámskeiðið Leik og Sprell sló í gegn í fyrra og verður aftur í boði í ár, dagana 7.-11. júlí. Þá verða einnig á dagskránni göngur alla föstudaga frá 20. júní og liggur fyrir flott göngudagskrá víðsvegar um sveitarfélagið. Einn af hápunktum sumarsins er Unglingalandsmót UMFÍ um Verslunarmannahelgina sem fer fram að þessu sinni á Egilsstöðum.

Önnur mál

13. 2505018 – Önnur mál

Þessum dagskrálið var bætt á dagskrá fundarins.

Sólveig Ólafsdóttir, kom með fyrirspun varðandi næstu skref í málefnum Héraðsbókasafnsins á Kirkjubæjarklaustri í ljósi þess að núverandi starfsmaður lýkur störfum í lok maí næstkomandi. Formaður greindi frá því að sveitarstjórn hefði bókað á 518. fundi sínum athuga með samrekstur á Héraðsbókasafni og grunnskóla sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 15:08.

Bergur Sigfússon

Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir

Gunnar Pétur Sigmarsson

Jón Geir Ólafsson

Auður Eyþórsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson

Sólveig Ólafsdóttir

Undirritunarsíða

Bergur Sigfússon

Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Eypórsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson

Sólveig Ólafsdóttir

Jón Geir Ólafsson